



Bréf til skráðra hlutafélaga

Bréf þetta er sent með tölvupósti til stjórna skráðra félaga á Íslandi sem starfrækja tilnefningarnefndir og LV er hluthafi í sem og til tilnefninganefnda þeirra félaga.

Reykjavík, 19. desember 2024

Efni: Áherslur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna varðandi upplýsingar um framboð til stjórna félaga

Með bréfi þessu vill Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) kynna fyrir tilnefningarnefndum skráðra félaga á Íslandi, afstöðu sjóðsins til þess með hvaða hætti félög og/eða tilnefningarnefndir gera grein fyrir því hverjir bjóði sig fram til stjórnarsetu í félögum.

Um hlutverk tilnefninganefnda og hluthafa varðandi stjórnarkjör

Eins og kunnugt er koma tilnefningarnefndir að tillögum um skipan stjórna vel flestra hlutafélaga í kauphöll. Í störfum sínum koma nefndirnar þannig gjarnan að því að kalla eftir framboðum, greina framkomin framboð, annast samskipti við frambjóðendur og móta að lokum tillögu að skipan stjórnar. LV telur að þetta fyrirkomulag hafi ýmsa kosti í för með sér varðandi undirbúning fyrir stjórnarkjör á hluthafafundum.

Lífeyrissjóðurinn hefur átt fjölda funda með tilnefningarnefndum og forsvarsmönnum skráðra félaga undanfarin ár þar sem fyrirkomulag varðandi stjórnarkjör og mat á frambjóðendum hefur verið til umræðu. Meðal þess sem rætt hefur verið er með hvaða hætti unnt sé að auka enn gagnsæi við mat á mati á framboðum til stjórna og tryggja sem best virkni hluthafa við stjórnarkjör.

Áskorun varðandi gagnsæi framboða til stjórna

Eitt af því sem komið hefur ítrekað til tals er það fyrirkomulag sem sýnist vera orðin meginreglan að þeir frambjóðendur sem gefa kost á sér, en eru ekki inn í tillögu tilnefningarnefndar varðandi skipan stjórnar, dragi framboð sitt til baka áður en það er gert opinbert. Með því þrengist möguleiki hluthafa á að meta kosti tillagna tilnefninganefnda að skipan stjórna sem og að hafa sjálfstæða skoðun á því hvort aðrir frambjóðendur kunni að henta hagsmunum félagsins betur.

Í þessu sambandi hefur komið fram í samtölum að frambjóðendur sem eru ekki hluti af uppstillingu tilnefninganefnda kjósi gjarnan að draga framboð sitt til baka. Þar kunna ýmsar ástæður að liggja að baki.



Samtal varðandi mögulegar leiðir til úrbóta

Með bréfi þessu vill LV hvetja tilnefningarnefndir til að taka þetta verklag til endurskoðunar með það að markmiði að auka gegnsæi og veita hluthöfum betri upplýsingar um aðra hæfa frambjóðendur en þá sem eru hluti af tillögum tilnefninganefnda.

Ef vel tekst til gæti myndast breiðari og traustari grunnur undir samtal hluthafa um æskilega skipan stjórnar, í aðdraganda hluthafafunda og á hluthafafundunum sjálfum.

Það er von LV að stjórnir félaga og tilnefningarnefndir þeirra taki erindi þetta til jákvæðrar skoðunar. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er sem fyrr tilbúinn til frekara samtals við tilnefningarnefndir og stjórnir félaga.

Virðingarfyllt,
f.h. Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri